

sagði Hugh, „því ég vildi heldur deyja en að vita af þér óánægðri“,

Hún gat engu svarað honum, en grét nú enn meira.

Hugh reyndi heldur ekki að hugga hana. Hann vissi að það mundi ekki vera til neins, og að hún mundi ekki gráta lengi. Svo hann sagði ekkert fyrri en að hún fór að ná sér aftur, þá tók hann í hönd hennar og sagði:

„Hlustaðu nú á mig dálitla stund. Það eru nú fimm ár síðan ég kyntist fyrst föður þínum og þér. Þú varst mjög ung þá, en samt varð ég strax hrifinn af fegurð þinni, og áður en ég vissi það sjálfur, var ég farinn að elska þig heitt og innilega með þeirri ást sem aldrei deyr, og ég hafði von um að þú værir mér ekki mótfallin. En svo kom sá óláns tími að annar kom á milli okkar og eittraði allar vonir mínar“

Og þá sagði ég þér frá ást minni, en stilt og liðlega gafstu mér til kynna, að þú gætir ekki tekið ást minni. Það hljómaði í eyrum mínum eins og dauðadómur. Það var eins og dagsbirtan væri alveg horfin. En ég ásakaði þig ekki, því ég fann vel mismuninn á stöðu okkar. Þú varst vel mentuð og af góðum ættum, en ég óment-